

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 381. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. maí 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023. Seinni umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 2) Kynning á skýrslu um slökkvilið. Haraldur L Haraldsson mætir á fundinn í gegnum Teams.
- 3) Fundargerð 348. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 23. apríl 2024.
- 4) Fundargerð 146. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 29. apríl 2024.
- 5) Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 9. febrúar og 16. mars 2024.
- 6) Fundargerð 224. fundar menningarnefndar, dags. 16. janúar 2024.
- 7) Fundargerð 17. fundar öldungaráðs, dags. 8. apríl 2024.
- 8) Fundargerð 182. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 3. maí 2024.
- 9) Bréf frá forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 26. mars 2024, varðandi stofnun barnaverndarþjónustu Vesturlands – síðari umræða.
- 10) Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ – fyrri umræða.
- 11) Þakkarbréf frá HSH, dags. 11. apríl 2024.
- 12) Ársskýrsla Nýsköpunarnets Vesturlands ses, 2023-2024
- 13) Endurskoðun á gjaldskrárn Snæfellsbæjar árið 2024.
- 14) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 3. maí 2024
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

348. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) Leikskólar Snæfellsbæjar.

Hermína Kr. Lárusdóttir, leikskólustjóri, og Linda Rut Svansdóttir, aðstoðarleikskólustjóri, mættu á fundinn og fóru yfir nokkur atriði sem bæjarráð frestaði frá fyrri fundi. M.a. var rætt hvernig verja ætti þeim peningum sem úthlutað var til leikskólans í framkvæmdaáætlun 2024. Mikil umræða varð um nýju viðbygginguna í Ólafsvík, sem verður vonandi komin í gagnið ekki seinna en mánaðarmótin ágúst-september. Farið var yfir starfsmannamál, sem eru í mjög góðum málum, og biðlista barna sem er nánast enginn.

Viku þær Hermína og Linda nú af fundi og var þeim þökkuað koman.

2) Fundarboð aðalfundar NýVest, sem haldinn verður 3. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

3) Fundarboð aðalfundar Landskerfis bókasafna, sem haldinn verður 7. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

4) Umsókn frá Auði Hilmarsdóttur, að fá að halda hundinn Freyju.

Umsóknin samþykkt samhljóða.

5) Bréf frá Óbyggðanefnd, dags. 10. apríl 2024, varðandi endurskoðun fjármála- og efnahagsráðherra á kröfum um þjóðlendur á svæði 12, eyjum og skerjum.

Lagt fram til kynningar.


6) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. apríl 2024, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Pegron ehf., um breytingu á leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili að Stóra Kambi í Breiðuvík, Snæfellsbæ.

Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Pegron ehf., um breytingu á leyfi til reksturs gistiheimilis í flokki II, minna gistiheimili, að Stóra Kambi í Breiðuvík, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi gefi jafnframt jákvæða umsögn.


7) Minnispointar bærarstjóra.


- Bærarstjóri sagði frá því að rennibrautin sé að verða tilbúin til notkunar. Það gæti líklegast orðið í byrjun maí.
- Bærarstjóri sagði frá skýrslu sem verið er að vinna varðandi mögulega sameiningu slökkviliða Snæfellsbæjar og Grundarfjarðar.
- Bærarstjóri sagði frá því að verið er að laga millipakið á Jaðri og búið er að koma í veg fyrir lekann.
- Bærarstjóri sagði frá því að fornlegt kauptilboð hefði borist í Snæfellsás 3a. Bæjarráð samþykkti samhljóða framkomandi tilboð í Snæfellsbás 3a.
- Bæjarritari sagði frá því að bréf hefði borist frá Vestmanna í Færeyjum um mögulega heimsókn þeirra í Snæfellsbæ í september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35


Jónína Björg Ottarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

146. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn mánudaginn 29.04. 2024, kl. 18.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir,
Oddur Orri Brynjarsson,
Ægir Ægisson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 08.12. 2023, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 145. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá bæjarritara dags. 08.12. 2023, varðandi breytingar á skipan hafnarstjórnar. Fram kemur í bréfinu að á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar dags. 07.12. 2023, samþykkti bæjarstjórn að Oddur Orri Brynjarsson verði aðalmaður í stað Guðmundar Rúnars Gunnarssonar og að Michael Gluszuk verði varamaður í stað Odds Orra. Lagt fram til kynningar.
3. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 459 dags. 08.12. 2023. og nr. 460 dags. 15.01. 2024. Lagt fram til kynningar.
4. Bréf frá Vegagerðinni dags. 18.02. 2024, varðandi fjárveitingu til hafnarframkvæmda í höfnum Snæfellsbæjar árið 2024, en gert er ráð fyrir fjárveitingu til framkvæmda við verkin “Ólafsvík – Norðurbakki, endurbygging kerjabryggju og Ólafsvík – Norðurbakki, lenging.” Gert er ráð fyrir að þessi verk verði unnin samhliða. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við efni bréfsins.
5. Viðbragðsáætlanir Hafna Snæfellsbæjar fyrir árið 2024. Hafnarstjóri kynnti áætlanir fyrir Ólafsvíkurhöfn, Rifshöfn og Arnarstapahöfn, en þær eru unnar samkvæmt reglugerð nr. 1010/2012, um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda. Áætlanirnar samþykktar samhljóða.
6. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna fyrir árið 2022. Hafnarstjóri kynnti úttektina og fór yfir helstu liði hennar. Þá fór hann yfir stöðu Hafna Snæfellsbæjar í samanburði við aðrar íslenskar hafnir. Lagt fram til kynningar.
7. Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2023. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Lagt fram til kynningar.
8. Ársreikningur Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2023. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir
Oddur Orri Brynjarsson
Ægir Ægisson
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Ungmennaráðsfundur

09. febrúar 2024, íþróttahúsi Snæfellsbæjar kl.20:00

Á fundinum voru mættir: Eyþór Júlíus Hlynson, Hanna Imgront, Stefanía Klara Jóhannsdóttir, Gunnlaugur Páll Einarsson og Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþrótt og æskulýðsfulltrúi.

Það var rætt um ERASMUS+ verkefnið

- Ítalarnir koma yfir páskahelgina frá 27. mars til 03. apríl
- Dagskrá skipulögð og þarf að ræða við fyrirtæki í Snæfellsbæ sem vilja koma að þessu verkefni
- Kristfríður mun sjá til þess að sækja þau frá flugvellingum og koma þeim vestur, einnig þegar þau þurfa að fara suður
- Hugmynd að fara einnig með þau til Grundarfjarðar og Stykkishólms, einnig í Staðarsveit
- 1-2 kvöld skipulögð hjá þeim þar sem þau gista (Ennisbraut)
- Heimsókn í Þjóðagarðsmiðstöðina og Þjóðgarðinn

Önnur málefni

- 2 nýir meðlimir að koma inn í ungmennaráðið og 2 elstu að hætta
- Grunnskólinn hefur nefnt svo nemendur
- Þurfum að fara að skipuleggja páskabingíð
-

Fundi slitið kl.21:00

Undirritað

Eyþór

Hanna

Gunnlaugur

Stefanía

Kristfríður

Ungmennaráðsfundur

16. mars 2024, íþróttahúsi Snæfellsbæjar kl.20:00

Á fundinum voru mættir: Eyþór Júlíus Hlynson, Hanna Imgront, Stefanía Klara Jóhannsdóttir, Gunnlaugur Páll Einarsson og Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþróttá og æskulýðsfulltrúi.

Það var rætt um ERASMUS+ verkefnið

- Ítalarnir koma yfir páskahelgina frá 27. mars til 03. apríl
- Verða 27. mars til 01. apríl á Smæfellsnesinu og 01. apríl til 03. apríl í Reykjavík
- Farið yfir skipulagða dagskrá og það sem verður gert með þeim, ásamt hvaða fyrirtæki ætla að styrkja í formi afsláttar eða gefa okkur einhvað frítt
- Verkefnið er einungis hálfnað því er mikilvægt að við stöndum okkur og sínum þeim sama viðmót og við fengum þegar þau tóku á móti okkur í Ítalíu
- Dagskrá þarf að vera góð og vel skipulögð

Páskabingó

- Redda vinningum
- Áætlað 25. Mars mánudaginn kl.17:15-18:15
- Ungmennafélagið Víkingur Reynir mun taka þátt í páskabingóinu og sjá um Sjoppu og útvega vinningum

Fundi slitið kl.21:00

Undirritað

Eyþór

Hanna

Gunnlaugur

Stefanía

Kristfríður

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

Fundur nr. 224

Þriðjudagur 16. janúar – Sker Restaurant

Fundur settur: 12:00

Fundinn sitja: Helga Jóhannsdóttir, Kristín Arnfjörð, Ingunn Ýr Angantýsdóttir, Jóhannes Stefánsson, Heimir Berg og Marsibil Katrín Guðmundsdóttir.

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir.

1. Örstyrkir – Farið yfir umsóknir.

- Leikfélagið sækir um styrk til uppsetningar á leikriti eða öðrum menningar og/eða leiklistartengdum viðburði.
- Vagn Ingólfs sækir um 100.000 kr. styrk, hann er með nýtt verk í vinnslu og það kallar á sérhæfð verkfæri sem gott væri að fá styrk upp í.
- Kirkjukórinn: Sækir um styrk vegna rútuferða kórmeðlima á tónleikadegi, aukalaunakostnað vegna kórstjóra og undirleikara, prentun á útgáfu á tónskrá og auglýsingum. Einnig vegna kaffi- og konfektveitinga til gesta. Áætlaður kostnaður við tvö tónleika er 300.000 kr.
- Niðurstæða nefndar:
 - Nefndin úthlutar vagni 100 þúsund króna styrk fyrir verkfærum og öðru tilfallandi vegna sýningar sem hann stefnir á að vera með í Pakkhúsinu á 30 ára afmæli Snæfellsbæjar.
 - Kirkjukórinn fær 50 þúsund króna styrk vegna tónleikahalda.
 - Leikfélagið hefur fengið 150 þúsund króna almennan styrk frá menningarnefnd síðastliðin tvö ár og fær í ár á meðan það er starfrækt. Í ár sækir leikfélagið um örstyrk vegna tilfallandi viðburða og nefndin samþykkir að veita undanþágu og veita leikfélaginu 50 þúsund króna örstyrk með tilliti til samtals um viðburð á 30 ára afmæli Snæfellsbæjar.

2. Umsóknargátt fyrir leigu á neðri hæð Pakkhússins.

- Nefndin leggur til að sett verði upp umsóknargátt á heimasíðu SNB vegna leigu á neðri hæð Pakkhússins fyrir viðburði við hæfi. Nefndin vill efla starfsemi hússins líkt og áður hefur komið fram og telur að þetta gæti verið byrjun á því.

3. Skapandi vinnuskóli.

- Verið er að vinna í því að fá aðila/listamann í samstarf vegna vinnuskólans sem stefnt er að setja á laggirnar fyrir sumar 2024. Umræddur vinnuskóli væri þá vika að lengd og uppskera hans væri tilvalin til sýningar á 30 ára afmæli Snæfellsbæjar.

4. Menningarverðlaun/viðurkenning Snæfellsbæjar.

- Nefndin leggur til að veitt verði menningarviðurkenning í Snæfellsbæ á tveggja ára fresti, verðlaunin skulu vera táknræn um það mikla menningarstarf sem viðkomandi hópur eða einstaklingur hefur innt af hendi. Hér hefst gott tækifæri á því að verðlauna gott framlag til menningar í bæjarfélaginu og vera sýnileg hvatning til að halda áfram að rækta og efla menningu bæjarfélagsins.
- Nefndin tilefnir aðila eða fær jafnvel ábendingar (jafnvel tillögugátt á heimasíðu SNB) og sendir á bæjarstjórn sem velur þann sem hlýtur viðurkenninguna.
- Heimilt er að veita einstakling eða hópi verðlaunin
- Heimilt er að hljóta verðlaunin oftast en 1 sinni en þá þurfa að líða amk. 5 ár á milli.
- Viðurkenningin er að mestu hugsuð sem heiður fyrir viðkomandi aðila að hljóta. Þá er þetta hugsuð í formi viðurkenningarskjals og blómvandar.
- Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita verðlaunin aðila sem er ekki búsettur í bæjarfélaginu en tengist bæjarfélaginu með einhverjum hætti.

Fundi slitið: 13:00

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð 17. fundar sem haldin var í Ráðhúsi Snæfellsbæjar mánudaginn 8. apríl kl 13,30.

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Mál 1: Rætt um lok á málefnum líkhússins í Ólafsvík. Mikil umræða var um málefni líkhússins á fundi nefndarinnar 29/8 2023. Beint var þá fyrirspurn til bæjarstjórnar um að viðhald á húsinu verði framkvæmt á því eins og öðrum eignum bæjarins. Ekkert formlegt svar barst frá bæjarstjórn. Það kom fram hjá Ólafi Hlyn formanni nefndarinnar að samkv samtali hans við bæjarstjóra fyrir nokkru að þá væri það afstaða bæjarstjórnar að ekki verði sett neitt fjármagn í viðhald hússins. Bent var á útfararstofu í Borgarnesi og Stykkishólmi. Það hafði verið skilningur fundarmanna Öldungaráðs eftir viðræður bæjarstjórnar og formanns sóknarsamlagsins sl haust að náðst hefði ákveðið samkomulag um viðhald hússins. Ekki var gefið út nein formleg yfirlýsing um lausn málsins eins og áður sagði. Fundarmenn ræddu um þessa afstöðu bæjarstjórnarinnar og undruðst hana mjög.

Mál 2: Málefni Átthagastofunnar: Rætt var um hvernig unnið verði með lóðina sem losnar er húsið verður rífið en samkvæmt bæjarstjóra á að rífa húsið á næsta ári. Rætt var ma um að gera tengibyggingu við Jaðar. Þá kom fram hjá fundarmönnum að hin merka saga hússins verði varðveitt eins og kostur er í hinni nýju byggingu sem mun koma í stað þeirrar sem fer.

Mál 3: Höllinn: Fundarmenn lýstu ánægju sinni með þá góðu aðstöðu sem komin er að Ólafsbraut 23-25. Vilja þeir þakka bæjarstjórninni fyrir þetta frábæra framtak til heilla fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ.

Mál 4: Rætt var um snjómokstur liðins vetrar. Vitnað var í fundargerð frá 12. desember 2023 þar sem áskorun var sent á bæjarstjórn um að hreinsa betur snjó

af gangstéttum í bæjarfélaginu en talsvert hafði vantaði upp á það. Fundarmenn voru sammála um að betur hafi gengið að sinna þessum málum á vetrinum sem er að líða.

Mál no 5: Ákveðið var að næsti fundur Öldungaráðs Snæfellsbæjar yrði haldinn í Höllinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14,40.

Pétur Steinar Jóhannsson ritaði fundargerð.

Ps. kleinurnar voru góðar en það vantaði kaffið ☺

Kristinn Jónasson

From: Sveinn Þór Elinbergsson <sveinn@fssf.is>
Sent: þriðjudagur, 26. mars 2024 10:36
To: Kristinn Jónasson; Björg Ágústsdóttir; Jakob Björgvin Jakobsson
Cc: Gunnlaugsdóttir, Bryndís
Subject: fyrri umræða draga að stofnun barnaverndarþjónustu

Sæl verið þið, Kristinn, Björg og Jakob!

Hefur fyrri umræða farið fram í ykkar bæjarstjórn um stofnun barnaverndarþjónustu Vesturlands?

Kristinn,
Þið ykkur að senda bókanir bæjarstjórnanna að fyrri umræðu og afgreiðslu lokinni til mín og í Bryndísar Gunnlaugsdóttur en Bryndís heldur utan um taum formtekju ásamt því að senda samþykktirnar til ráðuneytis til staðfestingar o.fl. í kjölfarið.

To
Kveðja,
Sveinn Þór

Samrit sent Bryndísi Gunnlaugsdóttur, bgunnlaugsdottir@kpmg.is

Sæu verið þið.

Hefur þið

Kristinn

Þið ykkur

Ge

ste

To

Kve

Ge

Sat

Sæu

He

Ge

ste

Ge

ste

To

Kve

Ge

Sat

Sæu

He

Ge

ste

Ge

ste

To

Kve

Ge

ste

To



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Sveitarstjórnir Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms.
Sendandi: KPMG ehf.
Dagsetning: 20. febrúar 2024.
Efni: Samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu Vesturlands.

Samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu Vesturlands.

Sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar gerðu með sér samning um leiðandi sveitarfélag um barnaverndarþjónustu á svæðinu þar sem Borgarbyggð tók að sér meðferð mála vegna barnaverndarþjónustu, með vísan til 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, fyrir Hvalfjarðarsveit samkvæmt ákyæðum samningsins. Sveitarfélögin mynda þannig sameiginlegt umdæmi um barnaverndarþjónustu og er Borgarbyggð leiðandi sveitarfélag. Fagleg ábyrgð og ákvarðanatataka er hjá Borgarbyggð, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Starfsfólk félagsþjónustusvæða lýtur boðvaldi Borgarbyggðar í málum sem heyra undir samninginn. Ráðuneytið hefur staðfest samninginn og hann verið auglýstur í Stjórnartíðindum með númerið 121/2024.

Nú hyggjast sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur, kt. 690894-2469; Grundarfjarðarbær, kt. 520169-1729; Snæfellsbær, kt. 510694-2449; og Sveitarfélagið Stykkishólmur, kt. 620269-7009 gerast aðilar að framangreindum samningi með viðauka með vísan til heimildar í 1. gr. samnings Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar. Mun samstarf aðila nefnt *Barnaverndarþjónusta Vesturlands*. Um efni samstarfsins vísast til viðaukans og, eftir því sem við á, til samnings Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar sem skal gilda að breyttu breytanda.

Til þess að samstarfið verði að veruleika þarf að taka eftirfarandi skref.

Varðandi viðauka við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar:

- Sveitarstjórnir taka tillögu um samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu til afgreiðslu og annað hvort samþykkja tillöguna eða hafna slíku samstarfi. Samhliða því er viðaukinn (samningurinn) tekinn til fyrstu umræðu og vísað til seinni umræðu.
- Bæjar-/sveitarstjórar sveitarfélaganna útfæra viðauka (samning) um leiðandi sveitarfélag ef þörf er eftir fyrstu umræðu áður en hann fer til ráðuneytisins til yfirlstrar.
- Mennta- og barnamálaráðuneytið fær samning um leiðandi sveitarfélag til yfirlstrar.
- Eftir atvikum gæti þurft að uppfæra viðaukann (samninginn) m.t.t. athugasemda/ábendinga ráðuneytisins.



5. Bæjar-/sveitarstjórar undirrita viðauka (samning) um leiðandi sveitarfélag með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórna.
6. Sveitarstjórnir staðfesta undirritaðan viðauka (samning) í annarri umræðu um viðaukann (samninginn) um leiðandi sveitarfélag.
7. Mennta- og barnamálaráðuneytið fær samning um leiðandi sveitarfélag til staðfestingar.

Varðandi viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp:

1. Sveitarstjórnir taka til fyrri umræðu viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp hvers sveitarfélags þar sem fram fer framsal á valdi í barnaverndarþjónustu frá sveitarfélaginu til Borgarbyggðar. *Hægt er að taka það fyrir á sama fundi og viðaukann (samninginn) um leiðandi sveitarfélag en það þarf að vera sérstakt mál á dagskrá sveitarstjórnarfundar, sbr. liður 1 undir „Varðandi viðauka við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar“.*
2. *Leggjum til að þegar viðauki við samninginn hefur verið staðfestur af ráðuneytinu sé viðauki við samninginn og viðauki um stjórn og fundarsköp teknir til annarrar umræðu hjá sveitarstjórn á sama fundi.*
3. Sveitarstjórnir taka til síðari umræðu viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp viðkomandi sveitarfélags. Þegar viðaukinn hefur verið samþykktur skal hann sendur til innviðaráðuneytisins til staðfestingar.
4. Innviðaráðuneytið fær viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp til staðfestingar. sv. fundslags
Hægt
5. Viðauki við samþykkt um stjórn og fundarsköp er birtur í Stjórnartíðindum.

Barnaverndarþjónusta Vesturlands tekur til starfa þegar öllum framangreindum skrefum varðandi viðauka við samning og viðauka við samþykkt um stjórn er lokið.

Tillaga til afgreiðslu:

Til einföldunar og til að tryggja samræmi milli sveitarstjórna á svæðinu eru hér drög að tillögu til afgreiðslu hjá sveitarstjórnnum sveitarfélaganna við fyrri umræðu.

Barnaverndarþjónusta Vesturlands

Tillaga um að sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu með Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit og að gerður verði viðauki við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar, sem birtur hefur verið í Stjórnartíðindum nr. 121/2024, um leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tillaga að afgreiðslu

„Sveitarstjórn [] samþykkir að fara í samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002, á Vesturlandi þar sem Borgarbyggð mun taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag.“

Sveitarstjórn samþykkir að fela bæjar-/sveitarstjóra að útfæra nánar fyrirbyggjandi drög að viðauka (samningi) um samstarf sveitarfélaganna í samráði við sveitarstjóra annarra sveitarfélaga sem einnig hafa samþykkt umrætt samstarf. Bæjar-/Sveitarstjóra er einnig falið að undirrita viðaukann (samninginn) að lokinni þeirri vinnu og leggja fyrir sveitarstjórn til síðari umræðu til staðfestingar.“



Fylgiskjöl:

- Drög að viðauka (samningi) um Barnaverndarþjónustu Vesturlands.
- Samningur um barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar nr. 121/2024.
- Drög að viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp þar sem fjallað er um valdframsal til Borgarbyggðar vegna fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu.

Tengiliðir KPMG ehf. vegna minnisblaðs þessa eru Bryndís Gunnlaugsdóttir og Eydís Ýr Jónsdóttir.

DRÖG Í VINNSLU

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn **NAFN SVEITARFÉLAGS**, nr. xxx/xxxx, með síðari breytingum.

1. gr.

stað númerandi viðauka I um fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu kemur nýr viðauki um framsal til Borgarbyggðar vegna fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu.

Commented [GB1]: Ath - hér þarf að aðlaga eftir hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ef það er ekki nú þegar viðauki þá þarf að breyta orðalaginu.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn **NAFN SVEITARFÉLAGS** hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Viðauki I

Um framsal til Borgarbyggðar vegna fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu

1. gr.

NAFN SVEITARFÉLAGS hefur falið Borgarbyggð að vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að sérhæfðri velferðarþjónustu og felur það í sér að sveitarfélagið hefur framselt vald til tóku ákvarðana sem taldar eru upp í 2. gr. þessa viðauka til Borgarbyggðar. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá sveitarstjórn Borgarbyggðar eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum.

Borgarbyggð hefur heimild til að framselja vald til tóku stjórnvaldsákvæðana til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykktum Borgarbyggðar um stjórn og fundarskóp í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda.

Velferðarnefnd Borgarbyggðar fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu á svæðinu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn og fastanefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvarðanir í barnaverndarmálum, að undanskildum eftirlitsheimildum velferðarnefndar Borgarbyggðar vegna yfirstjórnar hennar.

2. gr.

NAFN SVEITARFÉLAGS framselur til Borgarbyggðar ábyrgð og ákvarðanatöku í eftirfarandi verkefnum á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 fyrir hönd sveitarfélagsins:

- a) að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögnum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.
- b) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.
- c) gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- d) taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- e) veita aðstoð, sbr. a-e liður 1. mgr. 24. gr.
- f) taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-liður 1. mgr. 25. gr.

- g) taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-liður 1. mgr. 25. gr.
- h) fara fram á það við udmæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e liður 1. mgr. 26. gr.
- i) fara fram á það við udmæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a og b-liður 1. mgr. 27. gr.
- j) gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði udmæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.
- k) úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.
- l) gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfþæðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.
- m) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.
- n) skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.
- o) áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.
- p) senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.
- q) taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr
- r) taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla.
- s) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.
- t) fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir.
- u) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XIII. kafli.
- v) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.
- w) gera tillögur um umgengni barns í fóstur eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.
- x) hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, a og b-liður 84. gr.
- y) hafa tiltækar stuðningsfjólskyldur, sbr. 85. gr.
- z) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.
- aa) tilnefning málstjóra, sbr. 20. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

Um valdframsal til nefnda og starfsmanna Borgarbyggðar, málsmeðferð og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein er vísað til gildandi viðauka um fullnaðarafgreiðsluheimildir við samþykkt um stjórn Borgarbyggðar enda hefur sveitarstjórn NAFN SVEITARFÉLAGS ekki boðvald yfir Borgarbyggð og starfsmönnum þess.

Kostnaðarþátttaka vegna barnaverndarsamningsáttak vegna barnavandarsamfélagsáttak vegna barnavandarsamfélagsáttak vegna barnavandarsamfélagsáttak vegna barnavandarsamfélagsáttak

	Hlutf.	Laun	Launat gj	Samtals	Hlutf v/barnav	Á ári
Félagrágjafi	0	835.473	208.868	1.044.341	-	-
Félagsmálastjóri	55	1.035.177	258.794	1.293.971	711.684	8.540.210
Sviðsstjóri	0	1.228.225	307.056	1.535.281	-	-
Sviðsstjóri	5	1.324.370	331.093	1.655.463	82.773	993.278
Umsýslugjald pr mán		150000				1.800.000
					Samtals	11.333.488
				Íbúafjöldi		
		Borgarbyggð		4090		5.257.936
		Hvalfjarðarsveit		765		983.453
		Snæfellsnes		3961		5.092.099
		Samtals		8816		46,39
						8,68
						44,93

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ.

I.Kafli.

Almenn ákvæði.

1.gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Snæfellsbæ.

Meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu skal vera í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

Um orðskýringar vísast til skilgreininga skv. 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og 3. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

2.gr.

Markmið.

Markmið samþykktar þessarar er að meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að endurnotkun og endurnýtingu, lágmarkun kostnaðar samfélagsins og góðri þjónustu við íbúa.

Fyrirkomulag söfnunar og meðhöndlunar úrgangs skal stuðla að því að markmiðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2021-2032 verði náð í sveitarfélaginu, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu.

Horft verður til úrgangspríhyrningsins í meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsforvarnir og mengunarbótareglan höfð að leiðarljósi við ákvörðun um gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

3.gr.

Umsjón, eftirlit og fræðsla.

Snæfellsbær getur sinnt sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á eigin vegum en er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á heimilisúrgangi, rekstur grenndarstöðva og söfnunarstöðvar og flutning úrgangs til meðhöndlunar og förgunar.

Snæfellsbær hefur daglegt eftirlit með því að framkvæmd úrgangsmála sé í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og hefur reglulegt samráð við verktaka og aðra sem koma að meðhöndlun úrgangs um leiðir til að bæta þjónustu og auka árangur í málaflokknum.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og 6. og 14. gr. reglugerðar nr. 803/2023, um meðhöndlun úrgangs, og að farið sé að samþykkt þessari.

Snæfellsbær skal sjá til þess að upplýsingaefni um úrgangsforvarnir og rétta meðhöndlun úrgangs sé aðgengilegt og fræða almenning og aðra úrgangshafa í sveitarfélaginu um úrgangsmál.

II. kafli

Fyrirkomulag söfnunar við heimili.

4.gr.

Flokkun heimilisúrgangs og sorpílát við heimili.

Sú skylda hvílir á handhafa úrgangs að flokka úrganginn og setja hann í rétt söfnunarílát, eða að öðrum kosti koma honum til viðeigandi meðhöndlunar á grenndarstöð eða söfnunarstöð. Heimilisúrgang skal flokka í að lágmarki sex flokka sem óheimilt er að setja í ílát fyrir blandaðan úrgang:

1. Lífúrgang (þ.m.t. matarleifar). Lífúrgang skal setja í pappírspoka áður en hann er settur í sorptunnu. Bæjarstjórn getur ákveðið að bjóða íbúum að sækja um þátttöku í reynsluverkefni um heimajarðgerð, í stað þess að safna lífúrgangi í sérílát.
2. Pappír/pappi
3. Plast
4. Textíll
5. Málmar
6. Gler

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja úrgang sem fellur til við venjulegt heimilishald, en þó ekki rúmfrekan garðaúrgang, textíll, gler, málmur, raf- og rafeindatæki og timburumbúðir. Óheimilt er að setja spilliefni eða annan hættulegan úrgang í ílátin. Tekið er á móti gleri, málmum og textíll á grenndarstöðvum eða á söfnunarstöð samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Sveitarfélagið útvegar öllum heimilum í sveitarfélaginu ílát til flokkunar úrgangs. Að lágmarki skulu vera ílát fyrir fjóra flokka úrgangs við hvert íbúðarhús. Stærð íláta við hvert heimili er að jafnaði eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir pappír og pappa,
- b. 240 lítra tunna fyrir plast,
- c. 140 lítra tunna fyrir lífúrgang
- d. 240 lítra tunna fyrir annan heimilisúrgang.

Fasteignareigandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað ef hann sér fram á að þau yfiryllist eða óskað eftir annarri stærð íláta, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt þessari, gjaldskrá sveitarfélagsins eða öðrum fyrirmælum, enda greiði hann umsýslugjald, auk gjalds samkvæmt fjölda og stærð íláta, í samræmi við gjaldskrá, sbr. 14. gr. í undantekningartilvikum, einkum ef erfitt reynist að koma fyrir fjórum sorpílátum á lóð, geta húsráðendur óskað eftir tvískiptri 240 lítra tunnu fyrir blandaðan úrgang og lífúrgang eða annarri breytingu, t.d. á stærð íláta, í samræmi við það sem bæjarstjórn hefur heimilað.

Leitast skal við að hafa eins fá sorpílát við fjölbýli og nauðsynlegt er og geta húsfélög óskað eftir stærri ílátum sem henta þeirra aðstæðum, t.d 660 lítra kerjum. Í fjöleignarhúsum þar sem sorpgeymslur og sorpílát eru samnýtt skulu ákvarðanir um fjölda og stærð íláta teknar af húsfélagi. Sveitarfélagið getur þó ákveðið fjölda og stærð íláta telji það að rýmd fyrir úrgang sem fellur til sé ófullnægjandi eða stærð íláts henti illa til hirðu.

5. gr.

Söfnun frá heimilum í þéttbýli og dreifbýli.

Við íbúðarhús í dreifbýli og þéttbýli og hjá lögaðilum í þéttbýli skal sérstök söfnun fara fram á sem aðgengilegastan hátt, og í samræmi við 10. gr. laga nr. 55/2003 og reglugerð nr. 803/2023, um meðhöndlun úrgangs, þ.e. á pappír og pappa, plasti, lífúrgangi og blönduðum úrgangi.

Söfnun heimilisúrgangs frá heimilum í þéttbýli og dreifbýli sveitarfélagsins fer fram í samræmi við hirðuáætlun (sorphirðudagatal) sem staðfest er af sveitarfélaginu. Hirðuáætlun skal kynnt íbúum og vera aðgengileg á vefsvæði sveitarfélagsins og verktaka. Hirðutíðni getur verið breytileg eftir úrgangsflokkum og árstíma.

Sveitarfélagið getur heimilað frávík frá hirðuáætlun vegna sérstakra aðstæðna. Slík frávík skulu auglýst eða tilkynnt íbúum með hæfilegum fyrirvara. Skal þá sá sem hefur úrgang í sinni vörslu sinna skyldum sínum samkvæmt samþykkt þessari, á auglýstum tíma, eins og um losun samkvæmt áætlun væri að ræða. Úrgang sem rúmast ekki í samþykktri áætlun getur húsráðandi losað á eigin kostnað á söfnunar- og móttökustöð eða á grenndarstöð.

III. Kafli

Úrgangur frá lögaðilum.

6. gr.

Fyrirtæki og stofnanir.

Rekstraraðilum er skylt að koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun, í samræmi við lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 og ákvæði þessarar samþykktar, og bera þeir allan kostnað af söfnun og meðhöndlun hans.

Gert er ráð fyrir því að rekstraraðilar semji við verktaka um að annast söfnun og meðhöndlun úrgangs og skal sá aðili fara að kröfum sveitarfélagsins um skráningu, vigtun og skil á upplýsingum um magn og flokkun úrgangs.

Rekstraraðilar eða eigandi fasteignar þar sem atvinnurekstur fer fram skulu sjálfir útvega sorpílat sem uppfylla kröfur 4. gr. þessarar samþykktar um flokkun heimilisúrgangs sem til fellur í starfsemi þeirra og sjá til þess að þau séu lagfærð og endurnýjuð eftir þörfum. Rekstraraðilar skulu fylgja kröfum sem gerðar eru um flokkun úrgangsflokka, sem er sérsafnað í sveitarfélaginu, frá blönduðum úrgangi og öðrum rekstrarúrgangi. Eftir því sem við á gilda ákvæði samþykktar þessarar einnig um rekstraraðila, þ.m.t. ákvæði um frágang og geymslu úrgangs.

Aðstaða skal vera á lóð rekstraraðila fyrir ílát undir þá úrgangsflokka heimilisúrgangs sem til falla við starfsemina og tilgreindir eru í 1. mgr. 4. gr. Rekstraraðilar skulu semja við verktaka um sérstaka söfnun heimilisúrgangs sem til fellur í starfseminni. Tryggt skal að fjöldi íláta sé í samræmi við flokkun sem nauðsynleg er og að ílátin rúmi þann úrgang sem fellur til við viðkomandi rekstur milli tæmingaa.

Telji sveitarfélagið eða heilbrigðiseftirlitið meðhöndlun heimilisúrgangs hjá rekstraraðila ekki samræmast lögum, reglugerðum eða samþykkt þessari er sveitarfélaginu heimilt að ákveða fjölda íláta og flokkun og sjá um hirðu heimilisúrgangs hjá viðkomandi rekstraraðila og innheimta sorphirðugjald.

7. gr.

Rekstrarúrgangur.

Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á lóðum lengur en nauðsynlegt er. Ef úrgangur er geymdur á lóð skal tryggt að ekki stafi af því óhollusta, óþrifnaður eða hættu. Staðsetning gáma undir úrgang skal vera í samræmi við stöðuleyfi eða ákvæði deiliskipulags.

Fyrirtæki og stofnanir skulu flokka rekstrarúrgang þannig að hámarka megi endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu. Rekstraraðilum er skylt að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang að lágmarki í eftirtalda flokka:

1. Spilliefni
2. Timbur
3. Steinefni
4. Gler
5. Málma
6. Plast
7. Gifs

Minni rekstraraðilum er heimilt að nýta söfnunarstöð sveitarfélagsins til að skila flokkuðum rekstrarúrgangi en þeir skulu greiða fyrir alla móttöku úrgangs skv. gjaldskrá. Rekstraraðilum er óheimilt að nýta grenndarstöðvar eða ruslabiður sem sveitarfélagið rekur til afsetningar á úrgangi.

Rekstraraðilum ber að koma rekstrarúrgangi sem ber framleiðendaábyrgð í viðeigandi meðhöndlun. Þetta á m.a. við um veiðarfæraúrgang sem úrgangshafa ber að skila í móttökustöð fyrir slíkan úrgang.

Um mengaðan jarðveg og viðeigandi meðhöndlun fer skv. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

IV. kafli

Grenndar- og söfnunarstöðvar.

8. gr.

Grenndarstöðvar.

Bæjarstjórn getur ákveðið mismunandi þjónustustig á grenndarstöðvum sem taki mið af mismunandi aðstæðum og vegalengd frá söfnunar- og móttökustöð.

Á grenndarstöðvum, sem staðsettar eru á aðgengilegum stöðum í þéttbýli, er tekið á mótí málum, gleri og textíl frá heimilum og eftir atvikum fleiri úrgangsflokkum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar (minni grenndarstöðvar). Bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að á grenndarstöðvum í dreifbýli eða þéttbýli (stærri grenndarstöðvar) verði einnig tekið á mótí lífrænum úrgangi, málum, gleri og blönduðum heimilisúrgangi frá heimilum í dreifbýli og frístundahúsum.

Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að textíl og skilgjalddskyldum drykkjarvöruumbúðum sé heimilt að skila í sérstaka söfnunargáma á aðgengilegum stöðum í sveitarfélaginu eða á söfnunarstöð.

Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri stöð. Einnig er óheimilt að skilja úrgang eftir utan við gáma á grenndarstöðvum.

Lokadrög til umræðu í bæjarstjórn Snæfellsbæjar - 2 umræður

9. gr.

Söfnunarstöð.

Móttaka á flokkuðum úrgangi sem ekki er heimilt að setja í sorpilát fyrir heimilisúrgang, er á söfnunarstöð (gámastöð) sveitarfélagsins við Ennisbraut í Ólafsvík. Þaðan er flokkaður úrgangur fluttur til endurnýtingar eða förgunar.

Greiða skal fyrir móttöku úrgangs samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur. Gjaldtaka er samkvæmt rúmmáli úrgangs, nema annað sé ákveðið af bæjarstjórn, en ekki er tekið gjald fyrir móttöku úrgangs sem ber framleiðendaábyrgð, nytjahluti og textíl.

Á söfnunarstöð er að lágmarki tekið á móti eftirtöldum úrgangsflokkum frá heimilum og minni rekstraraðilum:

1. Plasti
2. Pappír og pappa
3. Flokkuðum byggingar- og niðurrifsúrgangi, sbr. 2. mgr. 7. gr.
4. Málmum og brotajárni
5. Gleri
6. Viðarumbúðum
7. Raftækjum og rafeindatækjum
8. Rúmfrekum úrgangi
9. Hjólbörðum
10. Spilliefnum

10. gr.

Söfnunarílát eða söfnunaraðstaða félagasamtaka.

Snæfellsbæ er heimilt að veita félögum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, leyfi til söfnunar á tilteknum flokkum heimilisúrgangs í sveitarfélaginu, s.s. textíl og skilagjaldsskyldum umbúðum. Skilyrði er að úrgangurinn sé endurnýttur eða enduruninn að hluta eða öllu leyti. Í leyfi skal kveðið á um nánari skilyrði, m.a. uppsagnarákvæði.

Leyfishafi skal gefa sveitarfélaginu skýrslu um magn úrgangs og flokkun hans, fjölda og staðsetningu íláta, meðferð úrgangsins og aðrar þær upplýsingar sem óskað er eftir eigi síðar en 1. mars ár hvert. Leyfishafi skal veita gögn til staðfestingar á meðhöndlun úrgangsins, sé þess óskað. Sinni leyfishafi ekki þeim skyldum sem á hann eru lagðar er sveitarfélaginu heimilt að fella leyfið úr gildi að undangenginni viðvörun.

V. Kafi

Aðstaða til sorphirðu og umgengni.

11. gr.

Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs.

Lokadrög til umræðu í bæjarstjórn Snæfellsbæjar - 2 umræður

Húsráðendur skulu sjá til þess að leið að sorpgeymslum og sorpílátum sé greiðfær til sorphirðu, að undirlag á leið frá sorpíláti að götu sé þannig að auðvelt sé að flytja ílátin og hreinsa burt snjó á vetrum. Mælst er til þess að aðkomuleiðir að ílátum undir úrgang séu upplýstar svo ekki skapist hætta fyrir starfsfólk við losun ílátanna.

Sorpílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu, til dæmis í sorpgerði eða með hentugum festingum og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið. Einnig skulu húsráðendur gæta þess að ílát séu lokað og vel fest eða skorðuð, þannig að ílát eða úrgangur fjúki ekki burt, verði fyrir ágangi dýra eða ílát fyllist af snjó eða regnvatni.

Húsráðendum ber að gæta þess að fasteign fylgi nægilega mörg sorpílát og að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi farið með umfram magn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins.

Húsráðendur skulu sjá til þess að sorpílát séu hreinsuð reglulega og fylgjast með ástandi þeirra að öðru leyti. Séu sorpílát fest skal það vera með búnaði sem sorphirðumenn eiga auðvelt með að losa. Geymslur og sorpgerði má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Verði ílát fyrir skemmdum skal húsráðandi óska eftir nýju íláti. Teljist skemmd stafa af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun eða sliti er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald vegna endurnýjunar íláts.

Sorpílát skulu standa sem næst aðkomu sorphirðubifreiða að lóð þegar losun fer fram. Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta viðbótarlosunargjald samkvæmt gjaldskrá ef draga þarf sorpílát lengra en 15 m frá geymslustað að lóðamörkum, til losunar í hirðubíl.

Þar sem fara þarf með ílát upp tröppur skal vera rampur eða skrábraut fyrir hjól, sem draga má ílátin eftir. Þar sem fara þarf um lokað hlið eða hurðir getur sveitarfélagið farið fram á að til staðar sé búnaður, t.d. krækjur, til að halda hurðum og hliðum opnum meðan losun fer fram. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar.

Lofthæð í innangengri sorpgeymslu skal ekki vera minni en 200 cm og skal hurðarop vera nægilega breitt til að auðveldlega megi fara með sorpílát um það. Þá skal vera búnaður til staðar til að halda dýrum opnum.

Snæfellsbær getur heimilað sameiginlegt sorpgerði eða -geymslu fyrir aðliggjandi lóðir. Sameiginlegt sorpgerði/-geymsla er háð samþykki byggingarfulltrúa og skal skráð í álagningakerfi sorphirðugjalda sem sameiginleg ef báðir/allir húsráðendur óska.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs um skyldur húsráðenda og frágang sorpgerða og sorpgeymslna.

12. gr.

Ástæður til að hafna sorphirðu.

Sveitarfélaginu er heimilt að hafna því að taka á móti úrgangi, hirða og losa sorpílát við eftirfarandi aðstæður:

- a. Ílát innihalda úrgang sem ekki á að safna eða flokkun úrgangs er röng.

Lokadrög til umræðu í bæjarstjórn Snæfellsbæjar - 2 umræður

- b. Hindranir eru á leið að ílátum
- c. Ílát er yfirfullt, sbr. 3. mgr. 11. gr.
- d. Ílát finnst ekki.
- e. Ílát eða aðstaða brýtur að öðru leyti í bága við kröfur í lögum, reglugerðum eða samþykkt sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs.

Ef losun er hafnað skal húsráðanda tilkynnt um ástæður þess. Hirða fer þá fram við næstu reglulegu hirðu nema fasteignaeigandi semji um annað og greiði fyrir þá aukþjónustu.

VI. Kafi

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Umgengni á almannafæri.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma garðaúrgang og annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmarkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra sambærilega hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum, opnum svæðum eða annars staðar á almannafæri.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. um meðferð og geymslu úrgangs skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, sem hlutast þá til um að úr verði bætt. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað eiganda að undangenginni aðvörun.

14. gr.

Gjaldtaka og breytingar á fjölda og stærð íláta.

Bæjarstjórn setur gjaldskrá um söfnun og meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs innheimtist með fasteignagjöldum og alla jafna á sömu gjalddögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu

Óski eigandi fasteignar eftir breytingu á fjölda eða stærð íláta tekur breyting á gjaldheimtu gildi frá og með næsta mánuði eftir afhendingu. Sveitarfélagið annast skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur, gegn greiðslu umsýslugjalds.

Aukagjöld sem lögð eru á samkvæmt heimild í samþykkt þessari innheimtast eftir á, við næstu mánaðamót.

Gjald fyrir móttöku úrgangs á söfnunarstöð er innheimt miðað við magn úrgangs (rúmmál) nema bæjarstjórn ákveði annað.

15. gr.

Verklagsreglur og heimild til frávika.

Bæjarstjórn er heimilt að setja nánari verklagsreglur varðandi meðferð einstakra mála skv. samþykkt þessari, s.s. varðandi óskir um breytingar á ílátum, sameiginleg sorpílát innan lóðar, beiðnir um aukalosun íláta og aðrar óskir íbúa um sveigjanleika í þjónustu. Skulu slíkar verklagsreglur birtar opinberlega.

Skilyrði er að frávík gangi ekki gegn ákvæðum laga nr. 55/2003 og afleiddum reglugerðum, auk þess sem við samþykki frávika skal m.a. horft til þess að safnaður úrgangur fái viðunandi farveg og að fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að markmiðum samþykktar þessarar verði náð. Sé óskað samþykkis frávika frá einstökum ákvæðum samþykktar þessarar skal rökstuddri beiðni þar að lútandi beint til umhverfis- og eignasviðs eða samkvæmt nánari leiðbeiningum í verklagsreglum eða á vefsíðu bæjarins.

16. gr.

Kvartanir, ábendingar og kærur.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun varðandi framkvæmd úrgangsjónustu skal hann koma henni til skrifstofu sveitarfélagsins eða snúa sér til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands..

Brjótí húsráðandi gegn ofangreindum ákvæðum eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt samþykkt þessari, er sorphirðuaðila heimilt að hafna losun eða móttöku úrgangs og setja merkingu á ílát þar sem fram kemur skýring á höfnun, sbr. ákvæði 12. gr. samþykktarinnar. Ítrekuð brot skal sorphirðuaðiltilkynna til sveitarfélagsins og skal viðkomandi fasteignareigandi þá áminntur skriflega að undangengnum andmælarétti og óskað úrbóta af hans hálfu. Heimilt er í gjaldskrá að ákveða aukagjald vegna slíkra brota, svo sem ef fara þarf aukaferð til að hirða sorp að loknum úrbótum.

Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli samþykktar þessarar sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

17. gr.

Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 66. og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

18. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi, sem hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, var samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar x. maí 2024. Samþykktin staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

Tillaga sem samþykkt var á sambandsþingi HSH þann 11.apríl 2024.

83. sambandsþing HSH haldið á Lýsuhóli 11.apríl 2024, þakkar Snæfellsbæ fyrir samstarfið á árinu.

Þessari tillögu er hér með komið á framfæri.

F.h. Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu

Gunnhildur Gunnarsdóttir

Framkvæmdastjóri HSH

Ársskýrsla Nýsköpunarnets Vesturlands ses. (NýVest) 2023-2024

Tilgangur Nýsköpunarnets Vesturlands ses. sem stofnað var þann 6. apríl 2022 er:

„Tilgangur félagsins er að vera samráðs- og samstarfsvettvangur einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga, skóla á háskóla og framhaldsstigi, stofnana, hagsmunahópa og sveitarfélaga á svið atvinnuþróunar, nýsköpunar og þróunarstarfs, menntunar, rannsókna og skapandi greina. Félagið skal sinna miðlun upplýsinga til þeirra sem eru aðilar að starfsemi, aðstoða eftir fönnum við úrlausn verkefna og umsóknir um styrki. Starfsemi félagsins er opin öllum þeim sem hagsmuni hafa af jákvæðri byggðaðróun í víðtækum skilningi á Vesturlandi. Félagið skal hafa reglubundið samráð við stofnendur félagsins.“

Á aðalfundi félagsins þann 6. júní 2023 voru eftirtalin kosin í stjórn:

Gísli Gíslason, formaður
Ragnheiður Þórarinsdóttir, varaformaður
Ólafur Adolfsson
Rut Ragnarsdóttir
Jóhanna María Sigmundsdóttir
Signý Óskarsdóttir
Ragnar Ingi Sigurðsson
Jakob Kristjánsson

Stjórnin hélt 6 formlega fundi á tímabilinu frá maí 2022 til maí 2023. Helstu málefni sem rædd voru eru eftirfarandi:

1. Unnið var að könnun um nýsköpun á Vesturlandi þar sem um 1000 manns tóku þátt. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru:
 - Konur voru í meirihluta þeirra sem voru með viðskiptahugmynd eða 58% þátttakenda.
 - Af þeim sem voru með viðskiptahugmynd voru 76% launþegar á vinnumarkaði Flest svör bárust frá íbúum á Akranesi (251) og Borgarbyggð (215), en hæst svarhlutfall var meðal íbúa í Dalabyggð (11%).
 - Flestar viðskiptahugmyndir komu frá þáttakendum sem eru frá Akranesi eða 26% og hlutfall af Akurnesingum sem svöruðu könnuninni og voru með viðskiptahugmynd var 24%. Næst flestar viðskiptahugmyndir bárust frá svarendum úr Borgarbyggð, 24%, og af öllum svörum úr Borgarbyggð, voru 26% með viðskiptahugmynd.
 - Konur eru yngri þegar þær fá viðskiptahugmynd en karlar. Flestar konur með viðskiptahugmynd voru á aldrinum 31-40 en flestir karlar með viðskiptahugmynd eru í aldursflokknum 51- 60 ára.
 - Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi sem hyggja á útvíkkun starfseminnar eða nýsköpun eru flestir í Borgarbyggð 22% og á Akranesi eða 16 %. Hlutfallslega hyggjast flestir atvinnurekendur í Dalabyggð á nýsköpun eða 28% og í Hvalfjarðarsveit 27%.
 - Góður meirihluti (63%) þátttakenda með viðskiptahugmynd telja að ekki séu þættir í þeirra sveitarfélagi sem koma í veg fyrir að viðskiptahugmynd geti orðið að veruleika.
 - Helstu hindranir sem koma í veg fyrir nýsköpun eru húsnæðisskortur, skipulagsmál og fjármagn.
 - Fjármagn, sveitarfélag, styrkjaaðstoð og húsnæði eru þeir þættir sem þátttakendur töldu mikilvægasta til stuðnings.
 - Á Vesturlandi í heild sinni telja flestir að helstu tækifæri í atvinnulífinu liggja í ferðaþjónustu, heilsuefingu, og veitingaþjónustu.

- Tækifærin liggja helst í þeim atvinnugreinum sem þegar eru öflugar í viðkomandi sveitarfélögum.
 - Þau viðskiptatækifæri sem almennt voru nefnd voru:

✓ Jökklar og þjóðgarðar	✓ Sjávarútvegur
✓ Orkuvinnsla	✓ Heilsuefning
✓ Landbúnaður	✓ Tæknigeirinn.
2. Í samstarfi við SSV og Gleipni var haldinn frumkvöðladagur (frumkvöðla- og fyrirtækjamót) í septembermánuði. Markmið frumkvöðladagsins var að efla sköpunarkraft og frumkvöðlastarf á Vesturlandi, tengja fólk saman og stuðla að nýjum verkefnum og verðmætasköpun á svæðinu. Á deginum var m.a. fræðsla fyrir frumkvöðla, vinnustofur, tengslamyndun og reynslusögur frumkvöðla. Þá var á frumkvöðladeginum hafin kynning á viðskiptahraðli fyrir frumkvöðla á Vesturlandi. Við sama tækifæri var úthlutað nýsköpunarstyrkjum Uppbyggingarsjóðs. Um 50 manns mættu á viðburðinn.
 3. Í nóvember í kjölfar frumkvöðladagsins var keyrður viðskiptahraðallinn Vesturbrú í samstarfi NýVest, Gleipnis og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkur hraðall er keyrður á Vesturlandi. Alls bárust 16 umsóknir í hraðallinn en úr þeim hópi voru valin 10 teymi til þátttöku. Vesturbrú var sex vikna hraðall fyrir verkefni sem stuðla að sjálfbærri framtíð Vesturlands. Markmið hraðalsins var að efla sköpunarkraft og frumkvöðlastarf á Vesturlandi, tengja fólk saman og stuðla að nýjum verkefnum og verðmætasköpun á svæðinu. Hraðallinn fór af stað í nóvember og dagskráin samanstóð af ráðgjafafundum, vinnustofum og fræðslufundum. Hraðlinum lauk síðan með glæsilegum lokaviðburði sem haldinn var í Hjálmakletti 1. febrúar s.l. þar sem teymin kynntu sín verkefni auk þess sem Skúli Mogensen frumkvöðull flutti áhugavert erindi um hans eigin vegferð. Almenn ánægja var með hvernig til tókst með viðskiptahraðallinn Vesturbrú, sem er hvatning til frekari verkefna á þessu sviði.
 4. Rætt var um fjármögnun verkefna á komandi misserum en verkefnabundnir styrkir eru forsenda fyrir rekstri NýVest.
 5. Fjallað var um samvinnurými og fjarvinnslusetur á Vesturlandi og leiðir til að styrkja starfsemi þeirra. Minnisblað NýVest og SSV liggur fyrir og væntingar um að það megi verða til þess að hreyfa við því nauðsynlega skrefi að styrkja innviði á Vesturlandi til að taka á móti störfum án staðsetningar og styrkja grunn samvinnurýma.
 6. Rætt var um mögulegt verkefni á sviði markaðssetningar á netinu og áhuga á að sækja um styrk til þess verkefnis í Lóu – nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina.
 7. Að mati stjórnar NýVest eru fjölmörg tækifæri til nýsköpunar og þróunar á Vesturlandi. Umhverfi og stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki til nýsköpunar hefur batnað en áfram verður verðugt verkefni að styðja við þróun og nýsköpun – bæði fjárhagslega og tæknilega. Verkefni NýVest er að vera samráðsvettvangur, annast miðlun upplýsinga og almenna aðstoð við frumkvöðla. Nokkuð hefur áunnist en verkefnið verður ekki leyst með skammtíma átaki heldur þolinmæði til lengri tíma. Í þeim efnum þurfa að fara saman áhugi grasrótarinnar, fyrirtækja og stofnana ásamt fjármögnun þeirra verkefna sem eru til þess fallinn að auka áhuga á nýsköpun og þróun. Það er því margt óunnið á akrunum en jarðvegurinn er frjór.

F.h. stjórnar NýVest ses.
Gísli Gíslason,
formaður stjórnar.



GJALDSKRÁ fyrir leikskólagjöld í Snæfellsbæ

Gildir frá 1. ágúst 2024

1. gr.

Dvalargjald:

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.....	1.035 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 4 klt. á dag.....	16.560 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 klt. á dag.....	20.700 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 6 klt. á dag.....	24.840 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 7 klt. á dag (08:00 – 15:00).....	28.773 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 8 klt. á dag.....	32.706 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

Fæðisgjald:

Morgunmatur.....	2.600 kr.
Hádegismatur.....	5.435 kr.
Síðdegiskaffi.....	2.080 kr.
Fullt fæði.....	10.115 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 4 vikur samfelld. Afsláttur af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við leikskólastjóra.

2. gr.

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af heilu dvalargjaldi, ekki af kortersgjaldi, fæði eða öðrum gjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bærstjórn Snæfellsbæjar þann 7. desember 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. ágúst 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá leikskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. ágúst 2024.

Snæfellsbær, 7. maí 2024

Kristinn Jónasson, bærstjóri

Leikskólasel á Lýsuhóli 2024



Fyrsta barn	2023	2024	NÝ - 2024
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	4.000	4.400	4.140
5 dagar í viku	24.000	26.400	24.840
4 dagar í viku	19.200	21.120	19.872

** 2023: gerð er tillaga um óbreytt grunngjald.*

Forgangur/einst. (60%)	2023	2024	2024
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	2.400	2.640	2.484
5 dagar í viku	14.400	15.840	14.904
4 dagar í viku	11.520	12.672	11.923

Annað barn (50% - úr 75%)	2023	2024	2024
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	2.000	2.200	2.070
5 dagar í viku	12.000	13.200	12.420
4 dagar í viku	9.600	10.560	9.936

Þriðja barn (0% - úr 50%)	2023	2024	2024
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	0	0	0
5 dagar í viku	0	0	0
4 dagar í viku	0	0	0

Fæðiskostnaður	2023	2024	2024
Morgunverður	2.600	2.600	2.600
Hádegisverður	5.250	5.775	5.435

** 2024: gerð er tillaga um 10% hækkun á leikskólagjöldum*

** 2024: gerð er tillaga um 10% hækkun á hádegisverði*



GJALDSKRÁ fyrir skólamáltíðir og heilsdagsskóla í Snæfellsbæ

Gildir frá 1. ágúst 2024

1. gr.

Í grunnskólanum eiga nemendur kost á heitri máltíð í hádeginu fimm daga í viku, alla skóladaga skv. skóladagatali. Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans. Foreldrar skrá börn sín í áskrift í byrjun skólaárs.

2. gr.

Skólamáltíðir eru gjaldfrjálsar í Grunnskóla Snæfellsbæjar, þó þarf að skrá börn í fæði.

3. gr.

Heilsdagsskóli, Skólabær, er í boði fyrir börn í 1. – 4. bekk á Hellissandi. Hann er starfræktur á skóladögum, samkvæmt skóladagatali frá því að skóla lýkur kl. 13:30 og til kl. 15:50, en á föstudögum frá kl. 13:30 til 14:50. Heilsdagsskóli er ekki opinn í vetrarfríum. Starfsemi hefst á skólasetningardegi og lýkur á skólaslitadegi.

4. gr.

Gjald fyrir hverja dvalarstund í heilsdagsskóla er **kr. 347-** Gjald fyrir síðdegishressingu er **kr 170.-**

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

5.gr.

Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari í íþróttir eða tónlistartíma á dvalartíma. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfelld.

6. gr.

Skráning í mat og heilsdagsskóla er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. og 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. desember 2023. Tekur gjaldskrá

Þessi gildi þann 1. ágúst 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá grunnskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2024.

Snæfellsbær, 7. maí 2024

Kristinn Jónasson, bærarstjóri

þ
s

þ
s